



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

ÞÓRUNNARTÚNI 6, 105 REYKJAVÍK, VEFFANG www.skog.is
SÍMI 551 8150 - NETFANG skog@skog.is

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	18.02.21
Málalykill	00.10.1
Mál nr.	2102373

Reykjavík, 16. febrúar 2021.

Til forráðamanna grunnskólanna.

Efni: Umsókn um styrk úr Yrkju, sjóði æskunnar til ræktunar landsins.

Yrkjusjóður mun í ár veita styrki í formi trjáplantna til gróðursetningar grunnskólanema, líkt og undanfarin ár. Sjóðurinn hefur nú í nær þrjátíu ár veitt slíka styrki og tóku um 100 grunnskólar þátt í verkefninu í fyrra.

Yrkjusjóður óskar nú eftir umsóknum frá skólunum fyrir komandi **vor eða haust**. Athugið að fyrir gróðursetningu að vori getum við ekki lofað að plöntur verði tilbúnar til gróðursetningar fyrr en í lok maí. Fyrir gróðursetningu að hausti viljum við benda á að 16. september er Dagur íslenskrar náttúru og upplagt tækifæri að skipuleggja gróðursetningu til að halda upp á hann.

Umsóknarfrestur er til og með 12. mars. Umsókn er fyllt út á vef Yrkju, á slóðinni: <https://yrkja.is/fyrir-kennara/umsokn/>

Nánari upplýsingar og leiðbeiningar veitir Ragnhildur Freysteinsdóttir, Skógræktarfélagi Íslands, í síma 551-8150 eða á netfanginu rf@skog.is.

Stjórn Yrkjusjóðs áskilur sér rétt til að ákveða hversu margir og hvaða skólar fá úthlutun. Formleg úthlutun fer fram í lok apríl/byrjun maí og verður send tilkynning um úthlutun um leið og hún liggur fyrir. Þess skal getið að undanfarin ár hafa allir skólar sem sóttu um fyrir uppgefinn umsóknarfrest fengið úthlutað plöntum til gróðursetningar.

Með bestu kveðju,
F.h. Yrkjusjóðs
Ragnhildur Freysteinsdóttir